

Reykjavík 17. mars 2000.

Skýrsla Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála um starfssemi nefndarinnar árið 1999.

Tvö mál bárust til nefndarinnar á árinu.

Í fyrra málinu kærði Landssími Íslands hf. til nefndarinnar þá bráðabirgðaákvörðun Pósts- og fjarskiptastofnunar, sem tekin var að beiðni Tals hf., um að samningur Tals hf. og Landssíma Íslands hf. varðandi samtengigjöld vegna útlandasímtala á milli neta Tals hf. og Landssíma Íslands hf. skyldi einnig gilda fyrir útlandaþjónustu Tals hf.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði uppkveðnum 14. janúar 1999 að framangreind ákvörðun Pósts- og fjarskiptastofnunar **til bráðabirgða** bristi lagastoð og var hún því felld úr gildi.

Í síðara málinu kærði Landssími Íslands hf. til nefndarinnar þá ákvörðun Pósts- og fjarskiptastofnunar, sem tekin var eftir kröfu Tals hf., að Landssími Íslands hf. skyldi innheimta hjá áskrifendum sínum gjöld Tals hf. fyrir símtöl sem þeir eiga til útlanda með því að velja forskeyti útlandaþjónustu Tals hf, 1010, gegn greiðslu á öllum útlögðum kostnaði vegna gerðar reikninga fyrir útlandaþjónustu Tals hf.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði uppkveðnum 22. september 1999 að slík skylda, sem ákvörðun Pósts- og fjarskiptastofnunar hefði í för með sér fyrir Landssíma Íslands hf., um að annast alla reikningsgerð á umræddri þjónustu Tals hf. væri íþyngjandi kvöð fyrir Landssíma Íslands hf., enda þótt greiðslur kæmu fyrir, sem aðeins yrði lögð á samkvæmt skýrri lagaheimild. Slíka heimild væri ekki að finna í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 147/1996 né fjarskiptalögum nr. 143/1996. Þá verði slík heimild ekki ráðin ótvírætt af þeim tilskipunum Evrópubandalagsins um samtengingu neta, sem teknar hafi verið upp í EES samninginn, þ.e. 97/33 og ONPCOM98-bis (RIO). Því var framangreind ákvörðun Pósts- og fjarskiptastofnunar felld úr gildi.

Á starfsárinu hættu í nefndinni að eigin ósk aðalmennirnir Jón L. Arnalds hrl. og Guðjón Eyjólfsen endurskoðandi. Tók Ólafur Axelsson hrl. við formennsku í nefndinni í stað Jóns og Heimir Haraldsson endurskoðandi kom í stað Guðjóns. Þriðji aðalmaður í nefndinni er Guðjón Kárasen verkfræðingur.

Varamenn eru þeir Ólafur Garðarsson hrl., Sæmundur Valdimarsson endurskoðandi og Þórarinn K. Ólafsson verkfræðingur.